



Kæru þingfulltrúar,

Hér er að finna **mikilvægar upplýsingar** fyrir 58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga sem haldið verður í Reykjavík 19. og 20. október 2012 á hótél Natura (gamla Loftleiðahótelið).

Tillögurnar sem liggja fyrir 58. Landsþing LH eru nú aðgengilegar á heimasíðu LH, www.lhhestar.is. Efst á heimasíðunni er valstika, þar er að finna hnapp sem heitir **Landsþing** og þar er að finna tillögurnar. Það eru 44 tillögur sem liggja fyrir þinginu. Vinsamlegast kynnið ykkur tillögurnar vel.

Við vekjum **sérstaka athygli** á því að Landsþingið er nánast **pappírslaust**. Því er mjög mikilvægt að hvert félag taki með sér **fartölvur/spjaldtölvur** til þess að nota við vinnu á þinginu.

Við upphaf þingsins fá þingfulltrúar útprentuð fundargögn, þar á meðal tillögurnar sem liggja fyrir þinginu. Tillögurnar verða að sjálfsögðu aðgengilegar á heimasíðunni meðan á þinginu stendur og á sjálfu þinginu verður þeim varpað uppá skjá. Eftir að nefndir taka til starfa á föstudegi munu breyttar tillögur eingöngu verða aðgengilegar á netinu, þær verða ekki prentaðar út fyrir þingfulltrúa.

Á hótél Natura er þráðlaust net sem verður aðgengilegt þingfulltrúum. Þingfulltrúar verða að passa það að tölvurnar geti tengst þráðlausu neti.

Einnig verður skrifstofa LH á þinginu með prentara, þannig að þingfulltrúar geta leitað til starfsfólks til að prenta út nýju tillögurnar.

Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi þetta fyrirkomulag hafið þá endilega samband við skrifstofu LH í síma 514-4030.

Með kveðju,
Skrifstofa LH.